

<b>Kennarar</b>	Sólveig Þóra Jónsdóttir <a href="mailto:sthi@vma.is">sthi@vma.is</a> Viðtalstími: Eftir samkomulagi 849 1835 Björg Eiríksdóttir <a href="mailto:bjorg@vma.is">bjorg@vma.is</a> Viðtalstími: Eftir samkomulagi	<b>Sk.st.</b>	SÓL  BJE
-----------------	--	---------------	----------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn undirstöðuatriði í módel og tískuteikningu. Teiknað og mótað er eftir lifandi fyrirmynd, beinagrind og tvívíðum myndum. Nemandinn þjálfast í að umbreyta þrívíðu formi mannlíkamans í tvívíða teikningu. Lögð er áhersla á æfingar fyrir hlutföll, jafnvægi, hreyfingu og stöðu mannlíkamans og byggingu og mótun forma hans. Veitt er innsýn í þann samhljóm sem er milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar. Nemandinn beitir frjálsri teikningu þar sem leikur, túlkun og tjáning er í forgrunni. Hugmynda- og skissuvinna er unnin á fjölbreyttan hátt þar sem listrænn þáttur módel- og tískuteikningar er skoðaður og nemandinn er hvattur til að gera tilraunir og þróa sig í átt að persónulegri túlkun og stílfæringu teikninga. Í tengslum við verkefnavinnu skoðar nemandinn dæmi úr myndlistar- og hönnunarsögu þar sem mannlíkaminn og tískuhönnun er viðfangsefnið. Unnið er með skyggingu og áferðarteikningu í fatnaði. Fjölbreytt stílbrið við frágang teikninga eru könnuð og flatar vinnuteikningar kynntar. Samhliða allri verkefnavinnu er nemandinn þjálfaður í notkun ýmissa teikniáhalda, lita, litasamsetninga og pappírs. Hann vinnur sjálfstætt að nánari skoðun á módeli, tískuhönnun og teiknistíl milli kennslustunda og í grundar stöðugt verk sín í samvinnu við kennara og aðra nemendur. Unnið er með frágang og uppsetningu verkefna í ferilmöppu til kynningar.



### Þekkingarviðmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- jafnvægi, hlutföllum, hreyfingu og mótun forma mannlíkamans
- samhljómi milli módelteikningar og beina- og vöðvabyggingar
- aðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta
- hvað er líkt og ólíkt með módelteikningu og teikningu á tískugínum
- hvernig nokkrir listamenn og tískuhönnuðir hafa unnið með mannlíkamann og fatnað í sögunni og samtímanum
- mismunandi áferð og efniseiginleikum textíls og teiknaðferðum til að ná því fram bæði með og án munsturs
- notkun teikniáhalda á fjölbreyttan hátt og mismunandi eiginleikum lita og pappírs
- flötum vinnuteikningum
- skissuvinnu sem hluta af hugmyndavinnu og mikilvægi stöðugrar æfingar til að ná framförum
- mikilvægi framsetningar og uppsetningar ferilmöppu til kynningar á verkum sínum

### Leikniviðmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikna og móta hreyfingu í mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi og réttum hlutföllum
- móta form líkamans
- beita hjálparaðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta
- nota ýmis teikniáhöld, liti og pappír á fjölbreyttan hátt
- teikna tískugínur á fjölbreyttan og óhefðbundinn hátt
- beita aðferðum til að ná fram skyggingu, áferð og efniseiginleikum
- teikna flatar vinnuteikningar
- vinna hugmyndavinnu og skissur út frá þema
- setja upp eigin verk og kynna fyrir öðrum
- kynna sér verk listamanna og tiskuhönnuða

### Hæfniviðmið:

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta þekkingu sína og leikni í módelteikningu til að vinna að ýmsum ólíkum verkefnum í teikningu og tiskuhönnun
- nýta þætti í umhverfi sínu, hugmyndir og þemu og vinna með það á eigin forsendum í módelteikningu og tiskuhönnun
- teikna fjölbreyttar módel- og tiskuteikningar
- nýta verk annarra listamanna og hönnuða sem innblástur fyrir eigin verk
- ígrunda verk sín og vinnuferli og taka virkan þátt í umræðu um verk sín og annarra
- nýta sér mismunandi aðferðir til að þróa með sér persónulegan stíl
- setja hugmyndir sínar og teikningar upp á fjölbreyttan og skapandi hátt og kynna þær

### Námsmat.

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en þarf að fylgja þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

### Námsgögn:

Ýmis ljósrit fagbækur tengdar tiskuteikningu og mannslíkamanum auk efnis af vef. Teikniáhöld s.s. blýantar (F, HB, 3B), vatnsleysanlegir litir, stikleður, skæri og lím.



*Iris van Herpen*



**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

Tímabil viku-númer	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1 vikur 33 - 37 17.ág.- 17.sept.	<b>Hlutföll - jafnvægi - hreyfing</b> Farið yfir jafnvægi, hlutföll og hreyfingu í mannlíkamanum samkvæmt auganu og vinnulagi tískuteikningar. Skil: Nemendur skila verkefnum lotunnar aðgengilega uppsettum.	Nánari skoðun á viðfangsefni í skissubók 4 bls. á viku.	25%
Lota 2 vikur 38 - 43 20. sept. - 29. okt.	<b>Áferð - skyggingar - fatnaður</b> Farið yfir áferðir, dýpt í fatnaði og hvernig efni fellur um líkamann. Skoðaðar verða ýmsar teikni- og málunaraðferðir til að túlka hreyfingu, línu, skugga, lit, form, áferð. Skil: Nemendur skila verkefnum lotunnar aðgengilega upp settum auk sjálfsmatseyðublaðs sem farið verður yfir í viðtali með kennara.	Nánari skoðun á viðfangsefni í skissubók. 4 bls. á viku.	25%
Lota 3 vikur 44 - 48 1.nóv - 3. des.	<b>Leikur - sköpun - teiknistíll</b> Unnið frjálst og skapandi að þróun eigin hönnunar og teiknistíls. Verk listamanna og hönnuða í nútíð og fortíð skoðuð auk annars efni sem veitir innblástur. Skil: Verkefni kláruð og unnið í frágangi og uppsetningu verkefna í möppu, valið úr verkefnum annarinnar og þau hengd upp fyrir sýningu á opnu húsi sem verður 2. des. kl. 20 - 21:30.	Nánari skoðun á viðfangsefni í skissubók. 4 bls. á viku.	15%
	Í öllum lotunum verða verk listamanna og hönnuða skoðuð í samhengi við viðfangsefni og verkefnavinnu.		

Módel- og tískuteikning  
HÖTE3HS05  
Námsáætlun haustönn 2021



Verkefnaskólinn á Akureyri



Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:		<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmats þættir	Lýsing námsmatsþátta			Vægi
Lota 1	Horft til þess hvernig nemandanum tókst að átta sig á jafnvægi, hlutföllum og hreyfingu í teikningu á mannlíkamanum auk framsetningar verkefna. Einnig verður afrakstur í tengslum við ætlan, notkun fyrirmynda, vald á efnunum og aðferðum hluti af mati.			25%
Lota 2	Horft er til þess hvernig nemandanum tókst að átta sig á því hvernig má ná fram fjölbreyttum áferðum og dýpt í teikningu fatnaðar með mismunandi aðferðum auk framsetningar verkefna. Einnig verður afrakstur í tengslum við ætlan, notkun fyrirmynda, vald á efnunum og aðferðum hluti af mati.			25%
Lota 3	Horft er til þess hvernig nemandanum tókst að þróa eigin stíl og skapa sjálfstæð verk sem byggð eru á innblásturs gögnum auk framsetningar verkefna. Einnig verður afrakstur í tengslum við ætlan, notkun fyrirmynd, vald á efnunum og aðferðum hluti af mati.			15%
Vinnuferli	Horft til þess hvernig nemandinn ber sig að við vinnu, tileinkar sér nýjar aðferðir/hugmyndir, nýtir efni áfangans og ígrundar til framþróunar.			25%
Skissubók	Sjálfstæð rannsókn á mannlíkama, teiknistíl og tískuteikningu.			10%
<b>Samtals:</b>				<b>100%</b>
Námsmatsþættirnir eru metnir reglulega á önninni, með leiðsagnamati, sjálfsmati og kennaramati. Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um hálfan (0,5) næstu fimm virku daga. Eftir það eru skil ekki heimil.				

Með fyrirvara um breytingar

**Gangi ykkur vel :)**

Dagsetning:

  
  
Undirritun kennara

16.08.2021

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils